

Starfsábyrgðartrygging arkitekta er valkvæð ábyrgðartrygging gegn skaðabótaábyrgð arkitekts og starfsmanna hans vegna yfirsjóna eða mistaka með þeim undanþágum sem fram koma í skilmálum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar og almennir skilmálar félagsins nr. 001.

Vátryggður er sá arkitekt sem tilgreindur er á vátryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Vátryggingin gildir á Íslandi.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin greiðir bætur fyrir almennt fjártjón vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan sem ráðgefandi arkitekt vegna yfirsjóna eða mistaka við arkitektastörf.

3. gr. Undanþágur

Vátryggingin tekur ekki til:

- Kröfu sem eingöngu er reist á ábyrgðarskuldbindingu („garanti“) eða annarri skuldbindingu af hálfu vátryggðs sem felur í sér víðtækari ábyrgð en venjuleg skaðabótaskylda ráðgefandi arkitekts. Sama á við um loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum réttarreglum um ákvörðun skaðabóta.
- Kröfu sem rís vegna þess að loforð, áætlun eða upplýsingar varðandi kostnað við byggingarframkvæmdir eða lengd byggingartíma reynast rangar.
- Tjóns er vátryggður verður fyrir vegna vinnu sem inna þarf af hendi til þess að komast að raun um orsakir tjónsatviks eða bæta úr ágöllum sem leiddu til atviksins, þar á meðal vinnu við endurútreikning, endurhönnun eða endurbætur á verklýsingu eða gerð áætlunar í því skyni að bæta úr tjóni.
- Kröfu sem fellur á vátryggðan vegna verktakastarfsemi eða smíði á hans vegum eða vegna þess að hann selur eða afhendir efni eða aðra hluti.
- Tjóns sem rakið verður til þess að vátryggður hefur umsjón með eða sér um rekstur á fasteign, ef sú starfsemi er ekki í tengslum við verkefni sem vátryggður tekur að sér sem ráðgefandi arkitekt.
- Tjóns sem vátryggður verður fyrir vegna þess að hann tekur sem eignaraðili þátt í byggingarframkvæmdum.
- Kröfu er stofnast vegna þess að notað er nýtt óreynt efni, ný óreynd hönnun, vinnuaðferð eða útbúnaður sem að áliti viðurkenndra sérfræðinga þótti ekki varlegt að nota þegar ákvörðun um notkun var tekin þegar hönnun fór fram eða þegar tjón bar að höndum.
- Tjóns sem venjuleg ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur tekur til, þ.e. skaðabótaábyrgðar vegna vegna líkamstjóns eða skemmda á munum.
- Hvers konar afleidds tjóns þ.m.t. tjón vegna missis hagnaðar.
- Kröfu sem rakin verður til brots á hugverka- eða auðkennarétti í eigu þriðja manns.
- Tjóns sem rakið er til þess að skjöl hafa tapast.
- Skaðabótakröfu sem rakin verður til verkefnis sem vátryggður tekur þátt í sem samstarfsaðili nema félaginu hafi áður en verkefnið hófst borist tilkynning um samstarfið. Enda þótt slík tilkynning hafi borist ber félagið þó aldrei frekari ábyrgð en sem nemur hlutdeildarþátttöku vátryggðs.
- Krafna sem eiga rætur sínar að rekja til þess að vátryggður hefur ekki keypt og/eða haldið við nægilegri vátryggingarvernd, ekki útvegað umsamdar ábyrgðir né lagt fram fjármagn. Hið sama gildir um kröfur sem eiga rætur sínar að rekja til fjárhagslegra ráðlegginga vátryggðs.
- Tjóns sem hlýst af kostnaði vátryggðs vegna tæknivinnu eða annarra sérfræðiaðstoðar sem hann sjálfur lætur í té. Sama á við um kostnað sem vátryggður greiðir eigin lögmanni.
- Félagið greiðir ekki skaðabótakröfu sem rakin verður til þess að vátryggður gerist sekur um mistök eða vanrækslu við eftirlitsstarf, nema honum takist að sanna að hann hafi rækt eftirlitsskyldu sína í þeim mæli sem almennt verður að telja eðlilegt og venjulegt.

4. gr. Tímatakmörk

Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn vátryggðum sem til stofnast á vátryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggðum.
- Að vátryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis vátryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur vátryggðum á vátryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok vátryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á vátryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok vátryggingarinnar, tekur vátryggingin ekki til slíks tjóns nema vátryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok vátryggingarinnar.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.